

Fundargerð 62. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 10. nóvember 2011, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
Árni Sigfússon,
Inga Sólnes
Reynir Ólafsson,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. *Rammi fjárhagsáætlunar 2012*
Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn drög að ramma fjárhagsáætlunar 2012. Ítarlegri drög verða lögð fram á næsta stjórnarfund.
3. *Seltún*
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn stöðu í viðræðum milli Seltúns og Iceland Healthcare um framtíð leigusamnings um Flugvallarbraut 710. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.
4. *BASE*
Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn undirritað samkomulag við skiptastjóra þb. BASE ehf. um yfirtöku fasteigna og niðurfellingu kaupsamninga aðila á eignum þb. BASE ehf. Stjórn samþykkti samkomulagið.
Árni Sigfússon vikur af fundi eftir þennan dagskrárlið, kl. 12.50.
5. *Reykjaneshöfn - lóðaleigusamningur*
Lagður var fyrir stjórn til samþykktar undirritaður lóðaleigusamningur við Reykjaneshöfn. Stjórn samþykkti samninginn.
6. *Bifreiðastöð Keflavíkur - lóðaleigusamningur*
Kynnt voru fyrir stjórn drög að lóðaleigusamningi við Bifreiðastöð Keflavíkur. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum.
7. *Herminjasafn*
Erindi var frestað til næsta fundar.

